

Athyglisverð nýjung í bókaútgáfu

Af bókum

Sheldon D. Engelmayer og Robert J. Wagman: Gíslar í 444 daga. Vaka 1981. 206 bls.

Gísladeilan, svonefnda, mál Bandaríkjamanna 52, sem haldið var föngnum í Iran eftir töku bandaríska sendiráðsins í Teheran 4. nóvember 1979, og þar til nú í janúar síðastliðnum, vakti heimsathygli. Bókin, sem hér er til umfjöllunar og er fyrsta verkið, sem nýtt útgáfufyrirtæki gefur út, fjallar um þolraun gíslanna, rekur orsakir þess að þeir voru teknir, segir frá tilraunum til þess að fá þá leysta úr haldi, samningaviðræðum Bandaríkjamanna og Írana, misheppnuðum björgunarleiðangri Bandaríkjamanna og mörgu fleiru viðvikjandi þessu máli.


Höfundar bókarinnar eru tveir bandarískir blaðamenn og kom bókin fyrst út í Bandaríkjunum í febrúarmánuði síðastliðnum. Það væri að bera í bakkafullan lækinn að fara að rifja hér upp gísladeiluna sem slíka, svo mjög sem um það mál var fjallað í fjölmiðlum á sínum tíma. Þess í stað ætla ég að snúa mér beint að einstökum atriðum bókarinnar og treysta því að lesendum, sem ekki hafa bókina við hendina, séu þessir atburðir enn í fersku minni.

Það verður að segjast eins og er að þessi bók er mjög tvíþent. Hún hefur marga góða kosti, en er að mörgu leyti meingölluð. Vikjum fyrst að kostunum.

Þar er þá fyrst að telja, að hér kemur fram fjöldamargt, sem ekki kom fram í fjölmiðlum á

meðan á deilunni um gíslana stóð, a.m.k. ekki í íslenskum fjölmiðlum. Í þessu viðfangi voru einkum þrjú atriði, sem komu undirrituðum á óvart. Í fyrsta lagi undarleg hegðun öryggisráðgjafa Carters Bandaríkjaforseta, Zbigniew Brezezinski, sem hvað eftir annað gaf forsetanum visvitandi rangar upplýsingar um stöðu mála í Iran, og bókstaflega leiddi Bandaríkjamenn út í kviksyndi. Abyrgð hans í þessu máli er þung. Í öðru lagi var einkar athyglisvert að lesa um tilraunir, sem fram fóru til lausnar deilunni fyrir milliöngu franskra lögfræðinga. Þar var á margan hátt vel að verki staðið og ekki munaði nema hársbreidd að deilan leystist í þeirri atrennu. Í þriðja lagi var fróðlegt að lesa um upphaf og skipulagningu björgunarleiðangursins misheppnaða. Eftir á hefur sjálf-sagt flestum Bandaríkjamönnum þótt sem sú ferð hefði betur aldrei verið farin, en kaflinn um þetta mál sýnir, að vona „leiðangrar“ eiga að geta heppnast. Frásögnin af hugsunarhætti þeirra manna, sem leiðangurinn skipulögðu er hins vegar allt annað en aðlaðandi. Þar byggðist flest á því að hagnýta hið lægsta í mannskepnunni sér til framdráttar. Enn má nefna að lýsingar gíslanna á dvölinni í Iran voru fróðlegar og minnst ég þess ekki að hafa séð jafnarlega fjallað um meðferðina á þeim fyrr.

Aðrir kostir bókarinnar eru þeir að hún er lipurlega saminn og skipuleg og oft á tíðum bráð-



Olafur Ragnarsson, framkvæmdastjóri Vöku með auglýsingaspjald þar sem fyrsta bók útgáfunnar er auglýst. Tímamynd Róbert.

spennandi.

Gallarnir eru svo aftur á móti helst þeir, að bókin er ósköp snöggsöðin og frásögnin verður af þeim sökum oft yfirborðskennend og eins og endaslepp. Sérstaklega á þetta við um kaflann um veldi franskeisara. Það kemur að minni hyggju hvergi nærri nógu vel fram, hve gjör-samlega misheppnaður stjórnandi sá mikli valdismáður var að mörgu leyti og hve ósýnt honum var um að halda sambandi við þjóð sína. Þá er frásögnin af byltingu Mossadeghs árið 1952

ósköp losaraleg og ber sannast sagna ekki vitni mikilli þekkingu höfunda á því máli. Kaflinn um Bani-Sadr forseta Írans er með svipuðu marki brenndur. Hann er alltof yfirborðskennendur og endar eiginlega í miðjum klíðum.

Enn mætti nefna kaflann um Khomeini klerk. Þar virðist manni skina í gegn andúð höfunda á klerknum og öllu hans hyski og í frásögninni ber of mikið á dömgirni, eins og t.d. þegar Khomeini er í miður vinsamlegum tón kallaður „mib-

aldaklerkur“. Lesandinn hlýtur að spyrja sjálfan sig, hvort höfundarnir hafi minnsta skilning á innri málefnum Írans og hugsunarhætti Múhameðs-trúarmanna yfirleitt. Ekki ætlar undirritabur sér að fara að halda uppi vörnum fyrir stjórnarfar Khomeinis og hans manna, en er ekki búid að gera of mikið af því að dæma annað fólk útrá evrópskum og amerískum viðhorfum? Væri okkur ekki öllum — og Bandaríkjamönnum sérstaklega, — hollast að reyna að skilja aðrar þjóðir en láta þær í friði ella?

Bækur sem þessi, þ.e. bækur sem fjalla um nýliðna atburði og kalla mætti fréttabækur, eru allvinsælar erlendis og eiga vissulega fullan rétt á sér. Hérlandis hefur þessi útgáfa lítt verið reynd fram til þessa og má því segja að bókaútgáfan Vaka hafi lagt upp á nýja braut. Tilraunin er á margan hátt athyglisverð og hefur að ýmsu leyti tekist vel. Hinu ber þó ekki að leyna, að utgefandinn hefði líkast til betur gefið sér eilítið betri tíma og reynt að færa bókina nær íslenskum lesendum, ef svo má að orði komast. Bókin sé arna ber þess nefnilega fullmikil merki að hún er saminn handa bandarískum lesendum öðrum fremur og mörg atriði í henni, sem íslenskum lesendum gæti fundist að ættu næsta lítið erindi til sín. Um önnur atriði er svo aftur fjallað á þann hátt að gert er ráð fyrir mun meiri þekkingu á bandarískum málefnum en ætlast má til að íslenskir lesendur búi almennt yfir.

Frágangur bókarinnar er allur mjög smekklegur, prent- og málvillur að visu fullmargar, en þýðingin vel gerð og ber þess lítil merki að þar hafi margir um velkt.

Jón Þ. Þór.

EIRÍKUR SMITH
Málverkasýning
Kjarvalsstöðum,
Austursal
23. apríl—10. maí
1981

Véltjórinn frá Aberdeen

Á sumardaginn fyrsta, opnaði Eiríkur Smith stóra málverka-sýningu í vestursal Kjarvalsstaða, en þar sýnir hann um það bil 114 myndir, þar af eru 20 myndir úr þjóðsögum, sem listamaðurinn hefur gert fyrir Oliver Stein forleggjara. Er þar að finna Véltjórinn frá Aberdeen, Miklabæjar-Sólveigu, Djáknann frá Myrká og ýmsa aðra fræga drauga, en að þessu er vikið, þar sem Eiríkur Smith hefur nýverið greint frá því í Lesbók Morgunblaðsins, að hann telji að líf séu fleiri en eitt, að huld-fólk sé til og einhver fyrri tilvist. Hann segir í áðurnefndri grein, aðspurður um það, hvort huld-fólk sé til:

„Já, ég trúi því alveg. Samt veit ég ekki til þess að ég hafi séð því bregða fyrir. Ég hef ekki þann hæfileika: er ekki skyggn í venjulegum skilningi heldur. En ég hefi sérstaka tilfinningu og stundum er hún á þá leið, að á þessum og þessum stað er eitthvað, sem ég ekki sé, en veit af. Og bæði verð ég var við þægileg og óþægileg öfl í tilverunni, sem á ákveðnum stöðum verka ákaflega sterkt á mig — jafnvel svo að dregur úr mér allan mátt. En þessi tilfinning getur líka verið á hinn bóginn: Verkað uppörvandi“ (leturbr. Tímans)

Ög á öðrum stað segir Eiríkur. „Ég get ímyndað mér, að ég hafi verið einhvers konar myndlistarmaður í öðru lífi, og þegar við förum að líta í kringum okkur, þá er það ekki einleikið, hvað krókurinn beygist snemma hjá sumum og hvað þeir virðast fæddir með ákveðinn farangur. Mín lífsstaða er sú, að ekkert sé til sem heitir daði — aðeins líf á mis-



Eiríkur Smith á málverkasýningu sinni að Kjarvalsstöðum.

(Tímamynd Róbert)

Eitthvað sem ég ekki sé, en veit af.....

Sýning Eiríks Smith

munandi sviðum, og að öll sú leið liggir til aukins þroska“. Svo mörg voru þau orð.

Það er nú ekki venja í skrifum um listir, að leysa lífsgátuna, svona í leiðinni, heldur hitt, að við lestur á grein, eða viðtali við Eirík Smith, þar sem hann lýsir þessum viðhorfum sínum, þá verður ekki hjá því komist, að hafa af þeim nokkra hliðsjón, því myndir hans eru bæði dularfullar og raunsæjar í senn. Minna stundum á vinnu gömlu surrealistanna, í vissri grein að minnsta kosti.

Þorpið í nýju ljósi

Myndir Eiríks eru raunsæjar, og þær eru frá sjávarsíðunni, margar. Þorpið við sjóinn er víðfangsefni, þarinn á ströndinni, en það hefur verið á dagskrá bæði í rituðu máli og myndlist hér á landi. Saltur stormur hefur nætt um þessi kvæði og um lérefitn. Lífið í þeim skáldskap hefur þá verið atvinnulíf, hin hörðu kjör, baráttan við hafid, lífsbaráttan, sem var háð af stigvélafullum mönnum, með sand milli tannanna og salt í augunum. Myndir Eiríks Smith eru um

vatnsliti, en þessir þrír eru taldri höfundar að vissri amerískri myndlist, sem ber fólk með sér, hrifur það og setur niður á dul-arfulla staði.

Myndlist í 40 ár

Leið Eiríks Smith að þessu marki hefur verið löng. Hann hefur nú í a.m.k. 40 ár stundað myndlist og um 35 ár eru síðan hann byrjaði að sýna. Má með sanni segja, að hann hafi fljótt komist í fremstu röð íslenskra málara. Þær myndir sem þá voru málaðar voru þó öðruvísi. Þær elstu er ég hefi séð, voru stílfærðar myndir af húsum og öðru umhverfi okkar. Veröld okkar var hengd upp á ýmsa þekktu snaga evrópskrar nýlistar, eins og gerist og gengur. Þá tók við tímabil abstraktmálverksins, þar sem Eiríkur skiladi miklum aflu, því verkin leika í höndum hans. Svo fyrir fáeinum árum, er kaldir klausturmúrar abstraktsjónarinnar hrundu á Íslandi, byrjaði hann, eins og fleiri, með tvær hendur tómar, að finna list sinni nýjan farveg, að þroska með sér list handa fólki, sem hafði fengið ný augu.

Útkoman er svo á Kjarvalsstöðum. Dularfullar myndir, unnar af næstum yfirskilvitlegri nákvæmni, en samt dularfullar og magnaðar þeim óhugnabi, sem ekki sést, heldur er.

Sú var tíðin að menn héldu, að fréttamyndir, myndir hinna nákvæmu lýsinga á stöðum og stund, væru alfarið myndefni ljósmyndaranna. Langt er þó síðan þær leiðir greindust í tvær, eða jafnvel fleiri. Í myndum sínum, lýsir Eiríkur Smith vissum atriðum í umhverfi okkar, er við komum sjaldan auga á, og myndir hans eru persónulegar, þótt eigi hafi hann mótað stefnuna einn.

Best tekst honum að koma farangri sínum til skila í vatnslitamyndunum, þar er tæknin komin lengst, en efnid fær þó að njóta sín, þ.e. vatnsliturinn og eiginleikar hans.

Af olíumálverkunum þóttu mér stærstu verkin áhrifamest.

Jónas Guðmundsson
MYNDLIST